

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu átta mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 16,3 milljarða króna á tímabilinu, sem er 33,5 milljörðum króna betri útkoma heldur en áætlað var. Einnig er útkoman 23,1 milljarði betri en á sama tíma í fyrra. Milli ára hækka tekjurnar um 38,3 milljarða, á meðan að gjöldin hækka um 14,4 milljarða. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 27,6 milljarða króna miðað við 1,1 milljarðs jákvæða stöðu í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 219,3 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 38,3 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um 21%. Þar af námu skatttekjur ríkissjóðs um 200,6 milljörðum króna sem er hækkun upp á 18,5% frá sama tíma í fyrra og er það nokkru meira en gert var ráð fyrir í áætlunum. Á sama tímabili hækkaði almennt verðlag um 3,8% þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 14,2%.

Skattar á tekjur og hagnað námu ríflega 61,6 milljörðum króna á tímabilinu sem er 15,5% meiri innheimta miðað við sama tíma í fyrra. Þar af jókst innheimta tekjuskatta einstaklinga um 10,4% en tekjuskattur lögaðila um 10,9%. Umtalsverð aukning varð á tekjum af fjármagnstekjuskatti, eða um 45% sem jafngildir um 40% raunhækkun milli ára. Innheimta tryggingagjalda á tímabilinu nam rúmlega 21,1 milljörðum króna sem er 16,6% hækkun frá fyrra ári. Til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,6% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta jókst töluvert á milli ára, eða um 45% að raungildi en sú aukning endurspeglar að mestu aukna innheimtu stimpilgjalda enda hefur velta á fasteignamarkaði verið umtalsverð á árinu. Aðrar rekstrartekjur námu 18,1 milljörðum króna og jukust um 6,6 milljarða milli ára sem skýrist einkum af arðgreiðslum frá Landssímanum og sektargreiðslum olúfélaganna.

Þróun almennra veltuskatta og þá sérstaklega virðisaukaskattsins gefur nokkuð góða mynd af þróun eftirspurnar í hagræfni en samanlagt hækka almennir veltuskattar um 18,4% sem er 14,1% aukning að raungildi. Þar munar mestu um 21,1% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti frá fyrra ári sem gefur visbendingu um að lítið lát virðist vera á almennri eftirspurn. Jafnframt skiluðu vörugjöld af ökutækjum mun meiri tekjum inn en í fyrra, eða um 71,6% en á fyrstu átta mánuðum ársins hefur innflutningur bifreiða aukist um 62,6% frá fyrra ári.

Greidd gjöld námu 203,8 milljörðum króna og hækka um 14,4 milljarða frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,4 milljarðar af hækkun vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl. Að vöxtum frátöldum hækka gjöldin um 9 milljarða eða 5% milli ára. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs, eða 131,6 milljarðar sem er um 65%. Þar kemur fram 8,2 milljarða króna hækkun, eða 6,7%. Innan málaflokksins munar mest um hækkun til heilbrigðismála, 3,9 milljarða og 2,8 milljarða vegna fræðslumála. Greiðslur til almannatrygginga hækka hins vegar mun minna, eða um 1,1 milljarð frá því í fyrra. Hækkun annarra málaflokka er mun minni og í heild lækka greiðslur til atvinnumála, sm skýrist af lægri greiðslum vegna samgöngumála.

Lánahreyfingar. Afborganir lána námu 33,4 milljörðum sem er nánast óbreytt staða frá júlímánuði og skiptast þær þannig að 19,3 milljarðar eru vegna afborgana erlendra langtímalána og 13,9 milljarðar vegna spariskírteina. Lántökur námu samtals 15,8 milljörðum króna, 11,5 milljarðar innanlands í formi ríkisvixla og ríkisbréfa og 4,3 milljarðar í erlendum skammtímalánum. Lántökur lækka samtals um 24 milljarða króna milli ára. Þá voru 2,6 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar sjóðsins. Handbært fé ríkissjóðs hækkaði um 7,4 milljarða frá áramótum fram til ágústloka.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - ágúst 2005 (Í milljónum króna)

	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
Innheimtar tekjur.....	142.949	152.633	170.668	181.033	219.294
Greidd gjöld.....	149.841	165.773	176.919	189.354	203.787
Tekjujöfnuður.....	-6.892	-13.140	-6.251	-8.322	15.507
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	3	-3.175	-12.059	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda.....	-2.075	-1.120	-790	1.560	791
Handbært fé frá rekstri.....	-8.964	-17.435	-19.100	-6.761	16.298
Fjármunahreyfingar.....	799	8.214	17.773	7.829	11.260
Hreinn lánsfjárfjöfnuður.....	-8.165	-9.221	-1.327	1.068	27.558
Afborganir lána.....	-22.158	-22.123	-18.437	-29.593	-33.363
Innanlands.....	-7.405	-10.067	-6.028	-4.576	-14.015
Erlendis.....	-14.753	-12.056	-12.409	-25.017	-19.348

Greiðslur til LSR og LH.....	-10.000	-6.000	-5.000	-5.000	-2.600
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó.....	-40.326	-37.344	-24.764	-33.525	-8.406
Lántökur.....	36.234	32.171	21.828	40.177	15.832
Innanlands.....	11.408	9.288	20.095	16.928	11.555
Erlendis.....	24.826	22.884	1.733	23.249	4.277
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	-4.093	-5.172	-2.936	6.652	7.426

Tekjur ríkissjóðs janúar – ágúst 2005

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %			
	2003	2004	2005	2002	2003	2004	2005
Skatttekjur í heild.....	146.806	169.316	200.645	4,4	5,8	15,3	18,5
Skattar á tekjur og hagnað.....	44.303	53.365	61.642	4,5	2,7	20,5	15,5
Tekjuskattur einstaklinga.....	34.511	38.990	43.059	12,4	3,9	13,0	10,4
Tekjuskattur lögaðila.....	2.911	6.619	7.340	-40,5	-26,5	127,4	10,9
Skattur á fjármagnstekjur o.fl.....	6.881	7.756	11.243	15,8	4,0	12,7	45,0
Tryggingagjöld.....	16.400	18.090	21.086	9,2	9,2	10,3	16,6
Eignarskattar.....	5.364	6.344	9.537	-2,8	-15,5	18,3	50,3
Skattar á vöru og þjónustu.....	80.305	91.191	107.997	4,1	9,8	13,6	18,4
Virðisaukaskattur.....	52.752	59.885	72.534	7,0	9,0	13,5	21,1
Aðrir óbeinir skattar.....	27.553	31.306	35.463	-1,1	11,4	13,6	13,3
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	3.017	4.111	7.053	-10,2	54,6	36,3	71,6
Vörugjöld af bensíni.....	4.742	5.679	5.872	-3,0	-1,2	19,8	3,4
Þungaskattur.....	3.596	4.266	3.755	-2,2	2,0	18,6	-12,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald.....	6.724	6.844	7.189	1,9	19,0	1,8	5,0
Annað.....	9.474	10.406	11.594	0,7	7,6	9,8	11,4
Aðrir skattar.....	433	325	382	8,6	4,5	-25,0	17,5
Aðrar tekjur.....	23.862	11.717	18.649	37,6	71,4	-50,9	59,2
Tekjur alls.....	170.668	181.033	219.294	6,8	11,8	6,1	21,1

Gjöld ríkissjóðs janúar – ágúst 2005

	Í milljónum króna)			Breyting frá fyrra ári. %			
	2003	2004	2005	2002	2003	2004	2005
Almenn mál.....	17.881	19.428	19.892	20,0	0,0	8,7	2,4
Almenn opinber mál.....	9.890	10.762	10.624	19,2	-4,3	8,8	-1,3
Löggæsla og öryggismál.....	7.991	8.666	9.268	21,1	5,9	8,5	6,9
Félagsmál.....	112.439	123.429	131.648	12,6	11,2	9,8	6,7
Þar af: Fræðslu- og menningarmál....	23.089	26.506	29.110	12,0	6,6	14,8	9,8
Heilbrigðismál.....	45.087	48.694	52.578	14,0	10,9	8,0	8,0
Almannatryggingamál.....	37.767	40.969	42.076	10,9	14,6	8,5	2,7
Atvinnumál.....	26.321	27.881	26.933	2,6	9,7	5,9	-3,4
Þar af:							
Landbúnaðarmál.....	7.233	7.321	7.707	-1,0	0,3	1,2	5,3
Samgöngumál.....	12.668	13.565	12.361	6,1	16,7	7,1	-8,9
Vaxtagreiðslur.....	11.920	10.291	15.737	5,2	-23,2	-13,7	52,9
Aðrar greiðslur.....	8.358	8.325	9.577	3,6	14,9	-0,4	15,0
Greiðslur alls.....	176.919	189.354	203.787	10,6	6,7	7,0	7,6